



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETAHJÓN VIÐ ÚTFÖR ELÍSBETAR II. BRETADROTTNINGAR

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og Eliza Reid forsetafrú halda á morgun til Lundúna og taka þar þátt í dagskrá vegna andláts Elísabetar II. Bretadrottningar.

Á sunnudagskvöld býður Karl II. Bretakonungur til móttöku í Buckinghamhöll. Mánudaginn 19. september fer útför Elísabetar II. Bretadrottningar fram frá Westminster Abbey. Að henni lokinni sækja forsetahjón móttöku utanríkisráðherra Bretlands í Church House við Dean's Yard í Westminster.

Forsetahjón fljúga aftur til Íslands á mánudagskvöld.

17. september 2022

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).